

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 67/2018**

2020/EES/6/33

**frá 23. mars 2018**

**um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2159 frá 20. nóvember 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 255/2010 að því er varðar tilteknar tilvísanir í ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við á eftir lið 66wi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 R 2159:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2159 frá 20. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 304, 21.11.2017, bls. 45).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2159, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 304, 21.11.2017, bls. 45.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.